

# Greinargerð

## Samantekt á viðbrögðum við athugasemdum að loknum kynningartíma stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið Bárðarlaug.

10. desember 2019

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Bárðarlaug voru lögð fram til kynningar í júlí 2019 og umsagnar- og samráðsaðilum og öðrum þeim sem láta sig svæðið varða gefinn kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Kynningartíminn var auglýstur á heimasíðu og facebook-síðu Umhverfisstofnunar. Frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum var til og með 9. september 2019. Erindi voru send til samráðsaðila þar sem vakin var athygli á kynningarferlinu. Svör bárust frá fimm aðilum en ábendingar frá þremur þeirra. Eftir að kynningartíma lauk og unnið hafði verið úr innsendum athugasemdum barst athugasemd frá einum aðila.

Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum við ábendingum sem bárust og þeim breytingum sem gerðar voru á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Bárðarlaug í kjölfar kynningarferlisins.

### *Menningarminjar*

Nokkrar ábendingar bárust varðandi umfjöllun um menningarminjar, m.a. leiðréttingar, og var kafla um menningarminjar breytt í samræmi við þær. Aðrar ábendingar sem vörðuðu menningarminjar lutu að nánari umfjöllun um þær og einnig að menningarminjum sem eru ekki sýnilegar, þ.e. sögnum og örnefnum.

### *Viðbrögð:*

Umhverfisstofnun og samstarfshópurinn taldi að þar sem fornminjar á svæðinu eru utan náttúruvættisins yrði ekki gerð nánari grein fyrir þeim. Hluta þeirra sagna sem bent var á var bætt inn í kafla um menningarminjar. Einnig er gerð grein fyrir því að mörk helgunarsvæðis fornminja og náttúruvættisins skarast.

### *Eignarhald og aðgerðir*

Eftir að kynningarferli lauk bárust athugasemdir frá landeiganda sem taldi að Bárðarlaug væri alfarið í landi Laugarbrekku.

Viðkomandi gerði einnig athugasemdir við þá fyrirætlan að fjarlægja stikur upp að Bárðarlaug og sagði það skoðun sína að auðvelda ætti fólki aðgengi að henni m.a. með því að leggja góða göngustíga, slíkt myndi frekar vernda viðkvæma náttúruna og stýra aðgengi betur.

### *Viðbrögð:*

Engin frekari gögn hafa komið fram um eignarhald á Bárðarlaug þrátt fyrir að óskað hafi verið eftir þeim til stuðnings athugasemdum.

Samstarfshópurinn sem vann að gerð áætlunarinnar lagði áherslu á að halda Bárðarlaug lítt sýnilegri áfram með það að markmiði að varðveita þá kyrrð sem þar ríkir. Ekki ætti að byggja upp innviði. Hins vegar kemur fram í áætluninni að umsjónaraðili skuli hafa reglulegt eftirlit með svæðinu og ástandi innviða og gera ráðstafanir um úrbætur eftir því sem þörf er á. Í því getur m.a. falist lagning göngustíga.

Mikilvægt þótti að ljúka áætluninni en við endurskoðun aðgerðaáætlunar er hægt að skoða ný sjónarmið og fyrir ef ástæða þykir til, sbr. hugmyndir þar að lútandi í stjórnunar- og verndaráætluninni.

#### *Aðrar ábendingar*

Einn aðili gerði ekki athugasemdir við áformin en vildi nota tækifærið og hvetja umsjónaraðila náttúruvættisins til þess að leitast við að endurheimta hnignandi land og jarðveg þar sem það á við, með öllum tiltækum ráðum.

#### *Viðbrögð:*

Ábendingu komið hér á framfæri en ekki sett inn í stjórnunar- og verndaráætlunina.

Aðrar ábendingar voru minni háttar og var í sumum tilfellum texta bætt inn í kafla í samræmi við þær en við öðrum komu nánari útskýringar síðar í áætluninni.